

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, hafnarsvæði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 14. júlí 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðarbæjar 1995-2015, frá 23. desember 1997.

Aðalskipulagsbreytingin felur í sér stækkun til vesturs þannig að uppfyllingarsvæðið lengist úr 400 metrum í 800 metra. Landfyllingin verður alls u.þ.b. 22-24 ha lands.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 14. júlí 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

2. júlí 1999

Nr. 481

AUGLÝSING

um deiliskipulag hafnarsvæðis utan Suðurgarðs, Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 15. júní 1999 deiliskipulag hafnarsvæðis utan Suðurgarðs dagsett 25. febrúar 1999.

Á nýrri fyllingu er gert ráð fyrir hafsækinni starfsemi og er svæðinu skipt í flotkvíar-svæði, bakkasvæði, smiðjusvæði og þjónustu/geymslusvæði. Deiliskipulagið nær yfir smiðjusvæðið en að öðru leyti er skipulagi á svæðinu frestað. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 2. júlí 1999.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

Magnús Gunnarsson.

2. júlí 1999

Nr. 482

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Hafnarfjarðar – miðbær.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 15. júní 1999 breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar sem staðfest var 19. september 1983. Breytingin felst í því að grunnflötur byggingar á Fjarðargötu 19 stækkar úr 420 m² í 600 m² og húsinu er breytt úr tveimur hæðum og risi í þrjár hæðir. Auk þess er felld niður áform um að opna Hamarkotslæk frá tjörninni við Strandgötu niður að sjó.